



**Umhverfis- og auðlindaráðherra  
Guðmundur Ingi Guðbjartsson**

**Kristján Þór Júlíusson  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**

sent með tölvupósti á: [postur@uar.is](mailto:postur@uar.is), [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is) og á aðstoðarmenn ráðherra

*3. maí 2021*

Ágætu ráðherrar,

Það brá mörgum við nýlegar fréttir að þúsundir landsela hafi drepist í grásleppunetum undanfarin ár.

Stjórnir Landverndar og faghóps í líffræði spendýra innan Hins íslenska náttúrufræðifélags hafa undanfarna daga farið yfir stöðuna og rætt þetta mál og telja afar mikilvægt að stöðva þessa þróun. Þjóðin getur ekki verið þekkt fyrir það að þessum stofnum verði útrýmt, eins og umtalsverð hættu er á. Sjálfsvirðing og orðspor þjóðarinnar er í húfi. Einnig yrði það gróft brot á alþjóðlegum samningum um líffræðilegan fjölbreytileika og verndun dýrastofna ef svo fer sem stefnir í. Drukknun sela í netum fer jafnframt gegn lögum um dýravelferð.

En það er tími til að grípa til aðgerða. En ekki mikill tími. Viðkomandi stofnanir og ráðuneyti, sjómenn og útgerðir verða tafarlaust að taka höndum saman.

Hér fylgir yfirlýsing og greinargerð um málið.

Óskað er eftir fundi með ráðherrunum til að heyra hvernig stjórnvöld hyggjast bregðast við því ástandi sem við blasir.

Virðingarfyllst,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar  
Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags

Afrit:

Samtök sjávarútvegsfyrirtækja  
Landssamband smábátaeigenda



## Landselur er í útrýmingarhættu!

### ***Yfirlýsing stjórnar Landverndar og faghóps í líffræði spendýra innan Hins íslenska náttúrufræðifélags***

Það brá mörgum við fréttirnar í vikunni um að þúsundir landsela hafi drepist í grásleppunetum undanfarin ár<sup>1</sup>. Reglulegar talningar á fjölda dýra benda til þess að stofninn fari hratt minnkandi. Því er afar mikilvægt að stöðva þessa þróun. Selir eru órjúfanlegur hluti náttúru Íslands og því virðist það óhugsandi að þessi dýr, sem skipa mikilvægan sess í lífríki strandsvæða og í hugum margra landsmanna, drepist á þennan hátt og í svo miklum mæli.

Þjóðin getur ekki verið þekkt fyrir það að selastofnum Íslands verði útrýmt, eins og umtalsverð hætta er á ef marka má framkomin gögn og greint er frá í meðfylgjandi greinargerð. Sjálfsvirðing og orðspor þjóðarinnar er í húfi. Einnig yrði það gróft brot á alþjóðlegum samningum um líffræðilegan fjölbreytileika og verndun dýrastofna ef svo fer sem stefnir í.

En það er tími til að grípa til aðgerða. En ekki mikill tími.

Viðkomandi stofnanir og ráðuneyti, sjómenn og útgerðir verða tafarlaust að taka höndum saman. Bæta þarf skráningu og rannsóknir og þróa aðferðir til verndar. En það er ekki nóg. Greina þarf með tafarlaus til hvaða aðgerða er hægt að grípa strax svo stöðva megi þessa óheillaþróun. Það blasir við að grípa þarf til frekari raunhæfra aðgerða til að takmarka seladauða við grásleppuveiðar.

Allir viðkomandi aðilar þurfa að koma á borðinu til að ræða málin opinskátt og hreinskilningslega. Það er ekki hægt að líta fram hjá því að það getur verið óhjákvæmilegt að taka ákvarðanir sem hafa óheppileg áhrif á möguleika til auðlindanýtingar, alla vega tímabundið. En þjóð sem kennir sig við sjálfbærni í auðlindanýtingu ætti að vera fær um það og hefur áður sýnt framsýni á þessu svið. Nú reynir á raunverulegan vilja til náttúruverndar.

Frekari upplýsingar veita Ester Ruth Unnsteinsdóttir formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags og Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

=====

**Greinargerð frá faghópi sérfræðinga í líffræði spendýra innan Hins íslenska náttúrufræðifélags:**

### **Stofnar beggja íslensku selategundanna eru á valista og helsta dánarorsök er talin vera drukknun í grásleppunetum**

Selir eru órjúfanlegur hluti náttúru Íslands og því virtist það óhugsandi að þessi dýr sem skipa mikilvægan sess í lífríki strandsvæða og í hugum margra landsmanna drepist á þennan hátt og í svo miklu mæli. Þetta

---

<sup>1</sup> Sjá Fréttablaðið 13.4.2021.



er bæði dýraverndunarmál og ógn við stöðu stofnsins hér við land, en bæði landselurinn og útselurinn eru á válista.

Tvær selategundir kæpa við Ísland; Landselur (*Phoca vitulina*) og útselur (*Halichoerus grypus*). Þessar tegundir eru meðal lykiltegunda í vistkerfi sjávar við Ísland. Selir eru rándýr sem eru efst eða mjög ofarlega í fæðuvefnum í sínum búsvæðum. Búsvæði landsels og útsels eru grunn strandsvæði þar sem helsta fæða þeirra eru fiskar, þá einna helst sandsíli, flatfiskar og þorskfiskar [1].

Til marks um mikilvægi þeirra í náttúrunni þá þýða lífshættir þeirra líka að næringarefni í formi úrgangs og hræja flytjast á milli strand- og djúpsjársvæða sem nýtast svo öðrum lífverum.

Landselur og útselur eru meðal fjölda annarra tegunda sjávarspendýra á heimsvísu sem eiga undir högg að sækja vegna athafna mannsins og eru báðar tegundir á válista héraendis. Landselsstofninn við Ísland er í bráðri hættu (CR), sbr. mat sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknastofnunar, en útselir í nokkurri hættu (VU) [2]. Landselslátur eru dreifð um allt land en dæmi um mikilvæg búsvæði þeirra eru látrín við Vatnsnes, á Ströndum, við mynni Lagarflióts og á Skeiðarársandi. Útselslátur er einnig að finna um allt land, en stærstu látrín eru í Breiðafirði, í Surtsey og á Örafum [3].

Árið 1980 hófust talningar á landselum og stóð þá stofninn í um 33 þúsund dýrum. Árið 2018 kom í ljós að landsel hafði fækkaði um 72 prósent á aðeins 37 árum. Fækkunin á þessu tímabili samsvaraði rúmlega þremur prósentum á ári sem telst algert hrun [4]. Stofninn hríðféll á 9. áratugnum þegar hringormanevnd fjármagnaði umfangsmiklar selaveiðar í þeim tilgangi að útrýma hringormi úr fiskiafurðum [5]. Afleiðingin var að landsel var nánast útrýmt á tilteknum svæðum. Síðan þessari aðför að landselum var hætt hefur fækkun í stofninum þó haldið áfram, þó sú fækkun sé hægari nú en áður. Árið 1982 hófust reglulegar mælingar til að leggja mat á stofnstærð útsels og var hann þá metinn vera um 9200 dýr. Árið 1990 var stofninn talinn vera 10600 dýr, en fækkað hefur verulega í honum síðan þá. Stofnmat á íslenska útselsstofninum fór síðast fram árið 2017 og var hann þá metinn um 6300 dýr [6]. Ekki er vitað hvað hefur staðið í vegi fyrir styrkingu stofnsins í sitt fyrri horf. Fækkun hefur þó aðallega verið rakin til beinna veiða sem nýlega voru bannaðar (Reglug. nr. 1100-2019) ásamt hjáveiðum. Þar til nýlega hafa landselir verið veiddir við tiltekna árósa vegna þeirrar trúar margra að þeir sæki í laxfiska. Rannsóknir hafa þó sýnt að hlutfall laxa í fæðu sela sé mjög lágt [1]. Vegna búsvæða- og fæðuvals eru landselir og útselir útsettir fyrir því að lenda í veiðarfærum og eru í mikilli hættu á að flækjast í netum, sérstaklega í grásleppunetum [7].

Landselir og útselir eru nokkuð langlífir en urturnar verða að jafnaði kynþroska um 4-6 ára og makast um það bil árlega og eignast þá oftast einn kóp í senn, en hámarksaldur land- og útsela er talinn vera um 36-40 ár [8-11]. Landselir og útselir eru áttthagakærir og því berskjaldaðir þegar búsvæðum þeirra er raskað [9]. Það getur reynst erfitt fyrir slíka stofna að ná vexti á ný eftir hrun þar sem fjölgun er hæg, ungvíðadauði há, dýrin halda sig mikið á sömu slóðunum þrátt fyrir röskun og tækifæri til mökunar eru færri en áður [10,12]. Vöxtur slíkra stofna tengist beint þéttleika þeirra og eru þeir því verr í stakk búnir til að rétta við sér fari þéttleiki þeirra undir ákveðin mörk. Rannsóknir hafa sýnt að stór hluti þeirra landsela og útsela sem flækjast í netum eru ungir selir og benda tölurnar til þess að strandveiðar með notkun neta ógni þannig viðkomu stofnsins. Því er ljóst að veruleg þörf er á aukinni vöktun og

rannsóknum á afkomu landsels- og útselsstofnsins við Ísland svo hægt sé að bregðast við á réttan hátt til framtíðar og snúa stofnstærðar þróuninni við.

Það er skylda okkar að hindra það að selirnir hverfi úr náttúru Íslands. Landsel hefur fækkað hratt undanfarin ár og því er brýnt að stjórnvöld taki málefniinu grafalvarlega og bregðist við hið fyrsta með verndun mikilvægra búsvæða sela á Íslandi, bæði í sjó og á landi. Í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um stjórnun selastofna hefur verið bent á í fjölda ára að nauðsynlegt sé að finna leiðir til að draga úr hættunni á að selir veiðist sem meðafli [13, 14]. Fiskistofa hefur auk þess brugðist við vandanum með tímabundnu banni við grásleppuveiðum á afmörkuðum svæðum sem eru mikilvæg búsvæði landsela [15]. Einnig má benda á viðbótar tillögur Náttúrufræðistofnunar um B-hluta Náttúruinjaskrár, sem lagðar voru fram í árslok 2020 [16]. Reglugerðin frá 2019 um bann við öllum beinum selveiðum var einnig mikilvægt innlegg í þessu samhengi. Skrefin sem hafa átt sér stað varðandi verndun þessara viðkvæmu stofna eru jákvæð en einungis tímabundin lausn og ljóst að meira þarf til svo að selir njóti raunverulegrar verndar í íslensku lagaumhverfi.

Faghópur Hins íslenska náttúrufræðifélags um spendýr

## Heimildir

1. Granquist SM, Esparza-Salas R, Hauksson E, Karlsson O, Angerbjörn AJPB. Fish consumption of harbour seals (*Phoca vitulina*) in north western Iceland assessed by DNA metabarcoding and morphological analysis. 2018;41(11):2199-210.
2. Válisti spendýra. Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. <https://www.ni.is/node/27354>.
3. Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir EH, Guðmundur Guðmundsson og Ester Rut Unnsteinsdóttir. Selalátur við strendur Íslands. 2018.
4. Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson. 2019. Population estimate, trends and current status of the Icelandic harbour seal (*Phoca vitulina*) population in 2018 [Landselstalning 2018: Stofnstærðarmat, sveiflur og ástand stofns]. Marine and Freshwater Research Institution, HV 2019-36. Reykjavík 2019. 22pp.
5. Sandra M. Granquist and Erlingur Hauksson. 2016. Management and status of harbour seal population in Iceland 2016: Catches, population assessments and current knowledge. Veiðimálastofnun VMST/15002. 17p.
6. Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson. 2019. Aerial census of the Icelandic grey seal (*Halichoerus grypus*) population in 2017: Pup production, population estimate, trends and current status [Útselstalning 2017: Stofnstærðarmat, sveiflur og ástand stofns]. Marine and Freshwater Research Institution, HV 2019-02. Reykjavík 2019. 19 pp.
7. Hafrannsóknastofnun. Meðafli fugla og sjávarspendýra í grásleppuveiðum 2014-2017. 2018.



8. Dietz R, Heide-Jørgensen M-P, Härkönen T, Teilmann J, Valentin NJS. Age determination of European harbour seal, *Phoca vitulina* L. 1991;76(1-2):17-21.
9. Don Bowen W, Ellis SL, Iverson SJ, Boness DJJoZ. Maternal and newborn life-history traits during periods of contrasting population trends: Implications for explaining the decline of harbour seals (*Phoca vitulina*), on Sable Island. 2003;261(2):155-63.
10. Cordes LS, Thompson PMJMMS. Mark-recapture modeling accounting for state uncertainty provides concurrent estimates of survival and fecundity in a protected harbor seal population. 2014;30(2):691-705.
11. Bonner, W. N. (1978). Grey seal. *Mammals in the Seas*. FAO Fisheries Series, (5), 90-94.
12. Kramer AM, Dennis B, Liebhold AM, Drake JMJE. The evidence for Allee effects. 2009;51(3):341-54.
13. Útselur. 2019. Ástand nytjastofnar og ráðgjöf 2019.  
[https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/utselur\\_20191125514.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/utselur_20191125514.pdf)
14. Landselur. 2019. Ástand nytjastofnar og ráðgjöf 2019.  
[https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/landselur\\_191145061.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/landselur_191145061.pdf)
15. Fiskistofa. 2020. Tilkynning: Grásleppuvertíð 2021.  
<http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/grasleppa/>
16. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson, Lovísa Ásbjörnsdóttir og Trausti Baldursson. Skýrsla NI-20008. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár – Samantekt um viðbótartillögur fyrir fossa og selalátur. 2020. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2020/NI-20008.pdf>.